

Rétta formúlan

BÆKUR

Spennusaga

MORÐIÐ Í HÆSTARÉTTI

eftir Stellu Blómkvist, „dularfyllsta rithöfund landsins“ eins og segir á bókarkápu. Mál og menning, 2001. 254 bls.

Eftir hverju sækjast unnendur góðra glæpasagna? Flestir leita að spennu, dularfullum og misvísandi upplýsingum um lausn gátunnar, söguhetju sem hægt er að dást að og samsama sig við, hóflegu ofbeldi og kynlífi, samfélagslýsingu sem er trúverðug og maklegum málagjöldum illmennanna; staðfestingu þess að réttlætið annaðhvort sigri að lokum eða sönnun þess að réttlætið sé bara fyrir suma. Morðið í Hæstarétti um og eftir Stellu Blómkvist er harðsoðinn reyfari sem hefur allt þetta til að bera. Uppskriftin er þaulreynd, sagan spennandi og málalokin óvænt. Stella heldur sig aðallega við ríkisstofnanir (Stjórnarráðið og Sjórnvarpið) og nú er það þekktur og valdamikill hæstaréttardómari sem er grunaður um morð og látinn sæta gæsluvarðhaldi meðan Stella rannsakar málið.

Stella er góðkunningi lesenda enda er þetta þriðja bókin um afrek hennar. Hún er hörkutól sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna; falleg, rík, gáfuð og býsna kaldrifjuð. Stella býr ein, er sjálfstæð og dugleg og von að haga hlutunum eins og henni sýnist. Einveran er henni þó ekki eins ljúf og hún lætur. Beisk en sönn heilræði mömmu hennar um lífið og tilveruna glymja í eyrum hennar í og æ og láta hana ekki í friði. Stella er „bíari“, notar fólk og svífst einskis; hún hefur eiginlega miklu meira testósterón í sér en eðlilegt getur talist. Er hægt að finna til aðdáunar og samliðunar með svo óaðlaðandi persónu? Til þess er brugðið á gamalkunnugt ráð: undir töffaralegu yfirborðinu lúra óþægilegar minningar sem hún ýtir frá sér og deyfir með viskídrykkju. Efnishyggjan er ástin í lífi Stellu, hún varast að bindast nokkurri manneskju tilfinningaböndum. Silfurfákurinn (bensinn), viskíglasið, veislumaturinn, skyndikynnin og sólarlandaferðirnar eru nóg fyrir hana. Ansi margt bendir til þess að karlmaður hafi skrifað þessa bók í nafni Stellu...

Stíll sögunnar er snaggaralegur og kaldhæðinn, setningar eru stuttar og svartur húmor ekki langt undan. Persónulýsingar eru frekar einlitar og staðlaðar eins og oft vill verða í afþreyingarsögum. Konur hafa stór brjóst og sítt hár, karlarnir eru ýmist stæltir folar eða grámóskulegir kerfiskarlar. Fórnarlambið í fyrri Stellusögum er kona sem ekki hefur verið við eina fjölinu felld eða „sjálfstæð í ástamálum“ eins og Stella kallar það (36). Svo er einnig nú: „Haft var eftir leikstjóranum í einni skýrslunni að Sjöfn hefði lifað hátt og hugsað mest um að skemmta sér. Sótt reglulega vinsælustu krárnar og veitingahúsin. Og alltaf haft einhvern kall með sér til að borga. Það má lesa vanþóknun á líferni hennar út úr vitnisburði leikstjórans. Eða öfund. Djöfuls hræsni. Auðvitað verða stelpur að kunna að bjarga sér“ (36-37).

Viðamesta sakamál aldarinnar, Geirfinnsmálið, kemur við söguna. Sá þráður er hvorki alveg nógu vel undirbyggður né sannfærandi og kannski hefði sagan alveg mátt vera án hans. Tilgangur hans er þó augljós: hæstaréttardómarinn Aðalgrímur þarf að reyna það á eigin skinni að vera grunaður um alvarlegan glæp og sæta gæsluvarðhaldi, líkt og gert var við grunaða í Geirfinnsmálinu. En það bjargar Aðalgrími að hann hefur góðan lögfræðing. Þá vekur Geirfinnsþráður líka upp spurningar um spillingu í

Þjóðfélaginu því það er álit manna að betra sé að leyna sannleikanum en að upp komist að mistök hafi átt sér stað í réttarkerfinu.

Lengi var það akkillesarhæll íslenskra sakamálasagna hversu ósannfærandi þær voru. Nú er það ekki lengur svo að skipulögð glæpastarfsemi, morð og vændi í Reykjavík geti ekki verið trúverðugt söguefni. Morðið í Hæstarétti er ágætt dæmi um vöxt og viðgang íslenskra glæpasagna á síðustu árum. Stella töffari hefur hitt á réttu formúluna.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
2001